

153

30. okt.

AUGLÝSING

um tollmeðferð jeppabifreiða.

Ákveðið hefur verið, að ekki skuli aðrar bifreiðar tollafgreiddar sem jeppabifreiðar en þær, sem fullnægja þessum skilyrðum:

1. Bilið milli fram- og afturhjóna má ekki vera meira en 94 tommur.
2. Bifreiðin skal þannig gerð, að hægt sé að hafa drif á öllum hjólum.
3. Afl vélarinnar skal vera það mikið, að bifreiðin geti dregið eða ýtt öllum venju-
legum landbúnaðartækjum.
4. Á bifreiðinni skal vera útbúnaður til að tengja hana við landbúnaðartæki o. þ. h.
5. Í bifreiðinni má ekki vera nema tvöföld sætaröð, þ. e. sæti fyrir bifreiðarstjóra
og einn eða tvo menn við hliðina á honum og aðeins ein sætaröð þar fyrir aftan.

Af jeppabifreiðum eru nú þessi gjöld við innflutning: Vörumagnstollur 8.8 aurar af brúttó kg, 18% verðtollur, 2% tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald, 6 kr. af kg í gúmmígjald og 16.5% innflutningsöxluskattur, svo og 3.3% viðskiptasöxluskattur, ef bifreiðin er flutt inn til eigin nota, en ekki til endursölu.

Bifreiðar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, eru undanþegnar sérstöku gjaldi til ríkissjóðs samkv. l. nr. 4/1960, og þær eru á frilista, ef þær eru fluttar inn nýjar og ónotaðar, sbr. auglýsingu viðskiptamálaráðuneytisins, dags. 15. september 1961.

Reglur þessar eru settar í samræmi við m-lið 3. gr. tollskrárlaga og 16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 21. febr. 1956 og 10. júlí 1959, varðandi jeppabifreiðar, landrover- og unimogbifreiðar, eru úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. október 1961.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Ólafur Stefánsson.

154

2. nóv.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ólafsvíkurkaupún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Ólafsvíkurhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Sjávarfossi í Fossá í Bullusker, og þaðan lína, er hugsast dregin í vestur á Rif, og lína frá Loðnugjá í Ólafsvíkurenni hornrétt í fyrrnefnda línu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála. Hver nýkjörin hreppsnefnd kys á fyrsta fundi sínum fimm manna hafnarnefnd og jafn-